



# Skútustaðahreppur

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## 22. mars 2017 – Pistill nr. 10

Nú eru fimm mánuðir síðan ég kom til starfa í Mývatnssveit. Óhætt er að segja að hvert stórmálið á fætur öðru hafi komið inn á borð sveitarstjórnar síðan þá, eins og t.d. kærumálin varðandi Kröflulínu 4 og nú síðast fráveitumálin en sú vegferð er auðvitað rétt að byrja. Mikið er lagt á fámennt sveitarfélag og litla stjórnarsýslu til þess að takast á við þessi mál og við reynum að gera það af auðmýkt og allri þeirri fagmennsku sem okkur er unnt. Mikill tími og orka hefur farið í ýmsa fundi með ráðamönnum þjóðarinnar til að fá ríkið að borðinu í fráveitumálum en án sýnilegs árangurs. Hver einasti aðili sem ég og aðrir fulltrúar sveitarstjórnar höfum rætt við undanfarnar vikur hefur sýnt frárennismálunum skilning en það sorglega í þessu er að enginn af þeim þremur ráðherrum sem hafa völdin í hendi sér, þ.e. umhverfis- og auðlindaráðherra, fjármálaráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála, hafa tekið af skarið. Flestir þingmenn kjördæmisins hafa tekið mjög vel í málaleitan okkar og lagt sitt lóð á vogarskálarnar en það er ráðherranna að klára málið.

Nú er enn hert að sveitarfélaginu og rekstraraðilum með bréfum sem bárust heilbrigðiseftirlitinu í síðustu viku. Sveitarstjórn hefur brugðist við með því að fara fram á það við heilbrigðiseftirlitið að það sinni

leiðbeiningarskyldu sinni sem opinbert stjórnvald og fundi með sveitarfélaginu og rekstraraðilum. Nánar um það síðar í pistlinum. Ýmsir aðilar hafa sett sig í samband við mig og sveitarstjórnarfulltrúa til þess að lýsa yfir áhyggjum sínum af þróun mála. Við höfðum áður lýst því yfir að sveitarfélagið muni ekki skorast undan ábyrgð sinni þegar kemur að fráveitumálum í þéttbýli og undirbúningur fyrir þá vinnu er þegar hafinn. En mörgum spurningum er ósvarað í öllu þessu ferli og þar stendur upp á heilbrigðiseftirlitið.



### Daníel og Jóna fengu Umhverfisverðlaun Skútustaðahrepps 2016

Á dögunum voru í fyrsta skipti afhent Umhverfisverðlaun Skútustaðahrepps. Þau voru afhent fyrir árið 2016 en hér eftir verða þau

afhent á Slægjuballi. Fyrst til að hljóta viðurkenningu umhverfisnefndar voru Daníel Ellertsson og Jóna Ósk Antonsdóttir, eigendur Birkihrauns 1. Þau fengu verðlaunin fyrir taka lóðina og bílastæðið í kringum húsið í gegn á ákaflega smekklegan hátt, öll aðkoma er til mikillar fyrirmyndar. Auglýst var eftir tilnefningum og bárust margar góðar. Vonandi verða þessi verðlaun öllum hvatning til þess að hafa umhverfi sitt til fyrirmyndar. Á myndinni er Daníel ásamt Arnheiði Rán Almarsdóttur formanni umhverfisnefndar.

### Reykjahlíðarskóli málaður í sumar

Alls bárust tvö tilboð í verðkönnun á utanhússmálningavinnu á Reykjahlíðarskóla:

1. Málameistararinn þinn ehf. og SNS málun ehf. Tilboðsupphæð: 10.414.200 kr.
2. Sæmundur, Snow Dogs. Tilboðsupphæð 3.928.700. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að taka tilboði Sæmundar, Snow Dogs.



### Fundur um málefni Skjólbrekku

Félags- og menningarmálanefnd boðaði til fundar um málefni félagsheimilisins Skjólbrekku með það að markmiði að fanga hugmyndir íbúa varðandi nýtingu á Skjólbrekku til framtíðar. Reinhard Reynisson frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga stýrði fundinum. Mæting var góð en um 30 manns létu sig annt um málefni Skjólbrekku og komu með margar góðar hugmyndir um framtíð hennar. Áhugavert var fyrir mig að heyra sjónarmið sem flestra. Ef ég reyni að draga saman það sem mér fannst vera rauði þráðurinn á fundinum þá koma skýrt fram að allir voru sammála um að Skjólbrekka ætti að vera áfram í eigu sveitarfélagsins og gegna svipuðu hlutverki og verið hefur, þ.e. vera samkomustaður íbúa í Skútustaðahreppi og reyna ætti að efla menningarlegt hlutverk hússins á ýmsa vegi. Ýmis tækifæri eru fyrir hendi en það sem stendur helst í vegi fyrir því er kostnaðurinn við reksturinn. Helstu niðurstöður fundarins verða kynntar í félags- og menningarmálanefnd og svo fyrir sveitarstjórn og íbúum.

### Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir tímasettri áætlun um úrbætur

Á fundi sveitarstjórnar í gær voru fráveitumálin enn og aftur á dagskrá. Á fundinum var lagt



fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 10. mars 2017 þar sem lögð er fram krafa um tímasetta áætlun um úrbætur þar sem fram kemur hvernig og fyrir hvaða tíma sveitarfélagið muni taka í notkun annars vegar skólphreinsivirki fyrir þéttbýlið í Reykjahlíð og á Skútustöðum sem fullnægir kröfum um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa, eða hvort sveitarfélagið muni hins vegar fremur notast við lokað fráveitukerfi. Tímasett áætlun um úrbætur skal berast nefndinni ekki seinna en 17. júní 2017. Jafnframt hefur sveitarfélagið svigrúm til að koma athugasemdum á framfæri varðandi kröfu Heilbrigðisnefndar um úrbótaáætlun. Sveitarfélagið mun leggja fram úrbótaáætlun fyrir fyrrgreindan tíma en með þeim fyrirvara og athugasemdum að hún sé algjörlega háð fjármögnum frá ríkisvaldinu eins og sveitarstjórn hefur ítrekað bókað á síðustu sveitarstjórnarfundum. Kröfur um úrbætur í fráveitumálum er eins og Heilbrigðiseftirlitið vísar til, að verulegu leyti að rekja til verndarlaganna um Mývatn og Laxá, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 665/2012. Í 9. gr. laganna kemur fram: „*Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.*“ Ákvæði verndarlaganna stefndu ekki að því í upphafi að leggja auknar fjárhagslegar byrðar á Skútustaðahrepp, en sýnt er að slíkar kröfur eru komnar fram. Þær eru íþyngjandi fyrir sveitarfélagið og íbúa þess og verður að skoða út frá jafnræðissjónarmiðum og þeim grundvallar hagsmunum sem liggja að baki verndarlögunum. Vernd Mývatns má rekja til einstakrar stöðu vatnsins og alþjóðlegra skuldbindinga ríkisins gagnvart svæðinu. Kröfur um gerð úrbótaáætlunar eru því einnig málefni sem varðar ríkið.

Sveitarstjórn ítrekar þá beiðni að Heilbrigðiseftirlitið sinni leiðbeiningarskyldu sinni og haldi sem fyrst sameiginlegan upplýsingafund með sveitarfélaginu og rekstraraðilum í Mývatnssveit sem hafa fengið sambærileg bréf, til þess að svara ýmsum spurningum sem lúta að hreinsun á skólpi á vatnasviði Mývatns og Laxár með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa. Markmiðið hlýtur að vera að eiga sem best samstarf um þetta mikilvæga málefni.

### **Ný lögreglusamþykkt**

Sveitarstjórn samþykkti nýja lögreglusamþykkt á fundi sínum í gær. Skylda er að taka hana í tvær umræður í sveitarstjórn. Þess utan ákvað sveitarstjórn að leita eftir umsögnum frá íbúum og bærust þó nokkrar sem rötuðu inn í samþykktina. Hún tekur formlega gildi að fenginni staðfestingu dómsmálaráðherra og að lokinni birtingu í B-deild sem tekur að lágmarki sex mánuði.

### **Líkamsræktarstöðin fær góðar móttökur**

Ný og endurbætt líkamsræktarstöð sem opnuð var formlega á dögnum hefur fengið góðar viðtökur. Góð aðsókn hefur verið í ræktina og fer gestum sífellt fjölgandi. Þess ber að geta sem vel er gert en þó nokkrir aðilar hafa lagt sitt af mörkum á einn eða annan hátt til þess að gera líkamsræktarstöðina jafn glæsilega og raun ber vitni. Þessir aðilar eru Mývatn Tours, Jarðböðin, Íþrótt- og ungmennafélagið Mývetningur, Kvenfélag Mývatnssveitar, Slökkvilið Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar og Hótel Laxá. Kunnum við þeim hjartans þakkir fyrir.

## Uppfærsla á bókhaldskerfi

Að undanfögnu hefur verið unnið að uppfærslu á Navision bókhaldskerfi Skútustaðahrepps sem var komið til ára sinna. Uppfærslan hefur ekki gengið alveg snurðulaust fyrir sig tæknilega og tekur tíma að koma nýju útgáfunni í fulla notkun. Því gæti þetta haft áhrif á þjónustu hreppsskrifstofunnar næstu daga.



## Vetrarípróttir á Mývatni

Það var heldur betur mikið um að vera helgina 10. og 11. mars þar sem ísinn á Mývatni var notaður fyrir bæði hefðbundnar og óhefðbundnar ípróttagreinar.



Ísmótið Mývatn Open var haldið á Stakhólstjörn við Skútustaði og var met þátttaka að þessu sinni. Fyrst var hópreið og svo keppni og að sjálfsgöðu hestamannahóf á Sel-Hóтели.



Mývatnssleðinn 2017 var haldinn á Álftavogi á Mývatni í fjórða sinn en að vanda var keppt á heimasníðuðum sleðum. Þetta er stórskemmtileg uppákoma sem verðskuldar heimsathygli! Daníel Ellertsson og Júlíus Björnsson sigruðu í heildarkeppninni sem Steinaldarmennirnir.



Síðast en ekki síst var Íslandsmeistaramót Sleðahundaklúbbs Íslands og var þátttaka einnig góð og tókst mótið í alla staði vel.

## Enginn styrkur í göngu- og hjólréiðastíg

Því miður fékkst enginn styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í göngu- og hjólréiðastíg við Mývatn í ár en sótt var um í fyrsta áfanga frá Reykjahlíð og að Dimmuborgum. Mikil ásókn var í sjóðinn að þessu sinni. En nokkrir styrkir komu til uppbyggingar hér og er það vel. Landgræðslan fékk tæpar 25 m.kr. í Dimmuborgir, Vatnajökuls-þjóðgarður 15 m.kr. í frágang á gönguleið vestan við Dettifoss og einnig 15 m.kr. í upplýsingahús á Öskjussvæði, svo eitthvað sé nefnt.

## Ný bók um Mývatn

Rétt er að vekja athygli á nýrri bók sem Unnur Jökulsdóttir starfsmaður RAMÝ hefur gefið út og nefnist *Undur Mývatns - um fugla, flugur, fiska og fólk*. Unnur heillaðist af Mývatni og sveitinni í kring og hefur fengið innsýn í lífríkið vegna starfa við Náttúrurannsóknastöðina á sumrin. Hún tók viðtöl við náttúrufræðingana við stöðina og miðlar síðan þeim fróðleik í bókinni. Unnur vill ekki að öll þessi þekking lokist inni í fræðaheimi heldur miðla henni til almennings, til hins almenna lesanda.

## Góður fundur með Fjöreggi

Að beiðni Fjöreggs var haldinn fundur með sveitarstjórn síðasta föstudag. Þar var farið yfir ýmis mál sem hafa verið í deiglu undanfarin misseri eins og t.d. fráveitumál, skipulagsmál, ferðaþjónustumál og margt fleira. Fundurinn tókst að mínu mati vel og vonandi fékk stjórn Fjöreggs greinargóð svör við flestum þeim spurningum sem á þeim brunnu. Jafnframt vonast ég til að Fjöregg leggi sveitarfélaginu lið í þeim stóru verkefnum sem fram undan eru, eins og t.d. hvað varðar aðkomu ríkisvaldsins þegar kemur að fráveitumálum.



## HRÓSIÐ ☺

Starfsfólk Reykjahlíðarskóla fær hrósið að þessu sinni fyrir að fara með alla nemendur í árlegt skíðaferðalag í Hlíðarfjall síðasta þriðjudag. Einnig ber að hrósa þeim foreldrum sem höfðu tækifæri til að fara með og aðstoða starfsfólkið og svo nemendunum sjálfum sem voru til mikillar fyrirmyndar í ferðinni.

Þá fór Söngkeppni Menntaskóla-skólans á Akureyri fram í Hofi á dögnum. Alls voru um 20 atriði á dagskrá. Mývetningurinn Margrét Hildur Egilsdóttir hreppti fyrsta sætið í keppninni með laginu Take the Box, úr söngvasafni Amy Winehouse.





## Góðar gjafir til heilsugæslunnar

Á dögunum var opið hús í nýju heilsugæslu-  
stöðinni sem tekið var í notkun síðasta sumar  
og er í alla staði hin glæsilegasta og reynst  
mikil lyftistöng. Margir nýttu tækifærið og komu  
þar við. Ýmsir aðilar, fyrirtæki og félagasamtök,  
hafa verið  
duleg að leggja  
heilsugæslunni  
lið með ýmsum  
góðum gjöfum.  
Jarðböðin gáfu  
m.a. Life  
Fitness  
þrekhlól sem  
Dagbjört  
Bjarnadóttir  
hjúkrunarfræð-  
ingur er á en



það er notað til upphitunar í sjúkrabjálfun.  
Vogafjós gaf lungnamæli, Kiwanisklúbburinn  
Herðubreið í Mývatnssveit gaf sólarhrings-  
blóðþrýstingsmæli, Kvenfélag Mývatnssveitar  
gaf blóðtökuvagn, svo eitthvað sé nefnt.

## Ýmislegt

Ég hef sótt ýmsa fundi að undanförunu, m.a.  
stjórnarfund hjá Samtökum orkusveitarfélaga,  
framkvæmdastjórafund hjá Héraðsnefnd  
Þingeyinga, með fulltrúum Vegagerðarinnar og  
Umhverfisstofnunar vegna skiltamála, fundað  
með kennurum Reykjahlíðarskóla vegna  
svokallaðrar bókunar 1, tekið formleg  
starfsmannasamtöl, sótt íbúafund og margt  
fleira.

Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að  
pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í  
kjölfar sveitarstjórnarfundu.



*Bestu kveðjur*

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**